

Mættir:

Valdís Brá Þorsteinsdóttir frá Vinnuvernd, Ólafur Kári Júlíusson vinnusálfræðingur frá Vinnuvernd og Þorsteinn Gunnarsson formaður sem ritaði fundargerð. Aðrir í nefndinni boðuðu forföll.

1. Yfirferð á Viðbragðsáætlun í eineltismálum

Farið yfir Viðbragðsáætlun í eineltismálum hjá Grindavíkurbæ, í framhaldi af síðasta fundi. Farið yfir ábendingar nefndarinnar, lið fyrir lið. Ólafur Kári tekur að sér að uppfæra Viðbragðsáætlunina í samræmi við athugasemdir, ábendingar og umræður og leggja að nýju fyrir næsta fund nefndarinnar í janúar.

Drög að áætluninni verða svo lögð fyrir starfsfólk bæjarins í janúar í umsagnaferli til frekari umræðu og ábendinga.

Stefnt er að því að lokaútgáfa verði svo tekin fyrir á fundi Vinnuverndarnefndar í febrúar og í kjölfarið verði hún lögð fyrir bæjarráð.

Fundi slitið kl. 15:00.